

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar

Minni hluti utanríkismálanefndar er sammála ýmsum þeim sparnaði í rekstri utanríkisþjónustunnar sem stefnt er að og fjallað er um í álitni meiri hluta utanríkismálanefndar. Minni hlutinn telur hins vegar að spara mætti mun meiri fjármuni með því að leggja Varnarmálastofnun niður og hætta öllum fjárútlátum til hernaðartengdra verkefna. Þeim fjármunum ætti að verja í að halda því hlutfalli sem rennur til þróunarsamvinnu og mannúðar- og hjálparstarfs að lágmarki hinu sama miðað við þjóðarframleiðslu og er á þessu ári.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála álitni þessu.

Alþingi 3. des. 2008.

Steingrímur J. Sigfússon.